

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins

Styrkir til krabbameins-rannsókna

656

milljónum úthlutað

106

styrkir veittir

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins auglýsir eftir umsóknum en úthlutað verður úr sjóðnum í 10. skipti í ár.

Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.

Vísindafólk hefur lýst tilkomu sjóðsins sem byltingu í krabbameins-rannsóknum hér á landi.

Frá árinu 2017 hafa 63 rannsóknarverkefni af fjölbreyttum toga fengið styrki úr sjóðnum, alls 655,5 milljónir króna.

Á þessu ári er stefnt að því að 30% úthlutunar fari til klínískra rannsókna. Sérstaklega er hvatt til umsókna vegna rannsókna á krabbameinum hjá börnum til samræmis við markmið sjóðs Kristínar Björnsdóttur, sem var hluti af stofnfé Vísindasjóðsins.

Hámarksupphæð styrks er 12 milljónir króna.

- Sama verkefni getur fengið styrk að hámarki í þrjú ár.
- Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti mánudaginn 2. mars.
- Umsóknir skal senda rafrænt á visindasjodur@krabb.is.
- Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar er að finna á www.krabb.is/visindasjodur/

Rynkeby-sjóður SKB

Líkt og þrjú síðastliðin ár er einnig auglýst eftir umsóknum um styrki úr Rynkeby-sjóði SKB til krabbameinsrannsókna sem snúa að börnum, samhliða úthlutun úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins. Úr sjóðnum hafa verið veittir 8 styrkir til 5 rannsókna sem nema 61,7 milljónum króna, frá árinu 2023.


Farið verður með þær umsóknir á sama hátt og aðrar umsóknir í Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins, eftir því sem við á, þannig að faglegar kröfur Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins gilda.

Sótt skal um þennan styrk á sérstöku eyðublaði.

Dæmi um rannsóknir sem fengu styrk úr Vísindasjóði á síðasta ári:




Sigríður Klara Böðvarsdóttir hlaut 6.7 milljóna króna styrk til verkefnisins **Leit að lífmerkjum í brjóstakrabbameinsvef.**



Siggeir Fannar Brynjólfsson hlaut 8 milljóna króna styrk til verkefnisins **Áhrif BRCA2 999del5 kímlínustökkbreytingarinnar á ónæmissvar arfbera.**



Sigurdís Haraldsdóttir hlaut 2.9 milljóna króna styrk til verkefnisins **Tengsl erfðabreytileika við tilkomu aukaverkana af völdum 5-FU og capecitabine lyfjameðferðar.**



Eiríkur Steingrímsson hlaut 9.7 milljóna króna styrk til verkefnisins **Hvernig veldur breytileika í mRNA capping-ensíminu CMTR2 sortuæxlum og lungna-krabbameini?**



Krabbameinsfélagið
Vísindasjóður